



# Umhverfis- og loftslagsstefna

## Reykjanesbæjar



Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn  
Reykjanesbæjar 24. apríl 2021.





## EFNISYFIRLIT

	Bls.
Framkvæmd og ábyrgð .....	3
Tilgangur .....	3
Uppbygging stefnu .....	3
Loftslagsmál - mótvægi .....	4
Loftslagsvá - aðlögun .....	5
Sjálfbær auðlindanýting og orkumál .....	6
Samgöngur .....	7
Mengun, hljóðvist og loftgæði .....	8
Hringrásarhagkerfið– græn innkaup, ábyrg neysla og úrgangur .....	9
Skipulag byggðar og umhverfis .....	10
Náttúruvernd og landgæði .....	11
Umhverfisfræðsla .....	12
Lýðheilsa og lífsgæði .....	13



# UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA REYKJANESBÆJAR

## FRAMKVÆMD OG ÁBYRGÐ

Umsjón með vinnu við undirbúning og mótun tillögu stefnunnar sem nær til ársins 2035 var í höndum framtíðarnefndar og umhverfis- og skipulagsráðs. Umhverfis- og loftslagsstefnan öðlast gildi eftir samþykkt bæjarstjórnar, bæjarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd hennar.

Gert er ráð fyrir reglulegri endurskoðun og uppfærslu stefnunnar, markmiða og aðgerðaáætlunar hennar þar sem gera má ráð fyrir breytingum í tækni, þekkingu og viðhorfum á komandi árum sem hafa áhrif á framvindu loftslags- og umhverfismála.

Við samþykkt stefnunnar verður sett upp markviss aðgerðaáætlun til að markmið hennar nái fram að ganga. Verkefni aðgerðaáætlunar verða sett upp í sérstöku umhverfisstjórnunarkerfi sem hefur

- skilgreind hlutverk og ábyrgð gagnvart starfsfólki
- árlega áfanga sem þarf til að ná þeim markmiðum sem lýst er í stefnunni
- skilgreinda verkferla og mælingar á árangri fyrir áfanga stefnunnar



## TILGANGUR

Umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanessbæjar er ætlað að lágmarka umhverfisáhrif frá starfsemi sveitarfélagsins, tryggja stöðugar umbætur og framþróun til móts við sjálfbæra framtíð og vera leiðarljós starfsmanna á þeirri vegferð. Hún tekur mið af stefnuáherslu um „Vistvænt samfélag“ í grunnstefnu Reykjanessbæjar auk Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stefnan felur meðal annars í sér skuldbindingu um kolefnishlutleysi sveitarfélagsins árið 2040, aðlögun vegna loftslagsvárs og markmið um innleiðingu hringrásarhagkerfisins, náttúruvernd og umhverfisfræðsla.

## UPPBYGGING

Stefnan er í tíu meginflokkum. Í hverjum flokki er sett fram yfirmarkmið, stefnuáherslur og mælanleg tímasett markmið. Auk þess eru tilgreind þau undirmarkmið Heimsmarkmiðanna sem höfð eru til hliðsjónar við gerð framkvæmdaáætlunar og innleiðingu markmiða.

Efnisatriði stefnunnar eru:

- Loftslagsmál - mót vægi
- Loftslagsvá - aðlögun
- Sjálfbær auðlindanýting og orkumál
- Samgöngur
- Mengun, hljóðvist og loftgæði
- Hringrásarhagkerfið – græn innkaup, ábyrg neysla og úrgangur
- Skipulag byggðar og umhverfis
- Náttúruvernd og landgæði
- Umhverfisfræðsla
- Lýðheilsa og lífsgæði





# LOFTSLAGSMÁL

## MÓTVÆGI



## YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær mun á sínum vettvangi beita sér fyrir markvissum aðgerðum sem annars vegar leiða til aukinnar þekkingar á loftslagsmálum og aðgerðum til að ná kolefnishlutleysi.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Stuðla að öflugri vöktun loftslagsmála innan sveitarfélagsins.
2. Minnka losun gróðurhúsalofttegunda og vinna í átt að kolefnishlutleysi.
3. Vinna í samstarfi við fyrirtæki í sveitarfélaginu um minni losun gróðurhúsalofttegunda.

## UNDIRMARKMIÐ

- Reykjanesbær gerist virkur þátttakandi í Covenant of Mayors árið 2021. (1,2,3)
- Framkvæmt verður grunnmat á losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi bæjarins fyrir árslok 2021. (1)
- 30% samdrætti verði náð í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030. (2,3)
- Kolefnishlutleysi verði náð fyrir 2040 í starfsemi sveitarfélagsins. (2,3)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 7.3. Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.
- 12.2. Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 13.3 menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum þar á meðal snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.



7 SJÁLFBÆR  
ORKA



12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIRÍ  
LOFTSLAGSMÁLUM





# LOFTSLAGSVÁ AÐLÖGUN



## YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær leitast við að efla viðnámsþol sveitarfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og grípa til nauðsynlegra aðgerða vegna óumflýjanlegra breytinga.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Fylgjast með aðstæðum tengdum loftslagsvá og aðstoða aðila sem verða fyrir áhrifum loftslagsbreytinga.
1. Framkvæmdir á vegum bæjarins taki mið af framtíðarloftslagsvá og aðlögun sem hún krefst.
2. Reykjanesbær mun efla upplýsingagjöf til samfélagsins og vekja fólk til meðvitundar um hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga og hvernig bæjarbúar geti tekið þátt í þeirri aðlögun.
3. Reykjanesbær mun vinna að því að vernda staðbundið vistkerfi sitt og innviði gegn hugsanlegum áhrifum vegna hækkunar sjávarborðs, m.a. áhrif á hafnarstarfsemi, nýbyggingar og núverandi byggð.
4. Reykjanesbær mun vinna að undirbúningi þess að taka á móti mögulegum loftslagsflóttamönnum.

## UNDIRMARKMIÐ

- Framkvæmt verði mat á loftslagsvá fyrir árslok 2021. (1,2,3)
- Gripið verði til aðgerða til að takast á við áhættuþætti sem koma fram í greiningum fyrir árslok 2022. (1,2,3)
- Reykjanesbær mun leitast við að auka fjölbreytni í efnahagslífi svæðisins og hvetja til endurmenntunar til að minnka atvinnutengda áhættu fyrir árslok 2023. (1)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 11.B Eigi síðar en árið 2020 hafi borgum og íbúðasvæðum fjölgað þar sem áætlanir og stefnumál eru samþætt og miða að aðkomu allra, auðlindanýting verði betri, dregið hafi úr skaðsemi af völdum loftslagsbreytinga og forvarnir gegn hamförum hafi verið eflidar. Útbúin heildræn áhættustýring vegna hvers kyns hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina.
- 13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.
- 13.3 Menntun verði augin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörnum.





# SJÁLFBÆR AUÐLINDANÝTING

## - OG ORKUMÁL

### YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær ber virðingu fyrir umhverfi, náttúru og sérkennum landsins við nýtingu auðlinda og tryggir að hún sé með sjálfbærum hætti.

### STEFNUÁHERSLUR

1. Nýting náttúruauðlinda byggir ávallt á bestu fánlegu tækni og þekkingu til að tryggja eftir fremsta megni sjálfbæra nýtingu þeirra.
2. Lágmarka röskun á náttúrulegum svæðum.
3. Vinna að verndun og viðhalda gæðum grunnvatns.
4. Hafa eftirlit með umgengni á vatnsverndarsvæðum, efnistökusvæðum og orkuvinnslusvæðum.

### UNDIRMARKMIÐ

- Hámarkun orkunýtni, t.d. með aukningu á LED lýsingu árin 2021 – 2023. (1)
- Dregið verður úr notkun jarðefnaeldsneytis um að lágmarki 50% með aukinni rafvæðingu í samgöngum innan sveitarfélagsins árin 2021 – 2030 t.d. með fjölgun rafhleðslustöðva og umhverfisvænum almenningsamgöngum. (1)
- Skuldbinding Reykjanesbæjar til þess að nota 100% endurnýjanlega orku innan bæjarmarka fyrir árið 2040. (1)
- Innleiðing á reglum um leyfisveitingu vegna nýtingar náttúruauðlinda sem tilgreinir að um sjálfbæra nýtingu verði að ræða, fyrir árslok 2021. (1,2,3,4)

### HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 7.3 Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.
- 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.



7 SJÁLFBÆR  
ORKA



12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIBSLA





# SAMGÖNGUR



## YFIRMARKMIÐ

Í Reykjanesbæ verða fjölbreyttir og vistvænir samgöngumátar efldir og gerðir eftirsóknarverðir með því að bæta og fjölga göngu- og hjólréiðastígum í umferðarkerfinu og almenningssamgöngur knúnar vistvænum orkugjöfum settar í forgang.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Vistvænar samgöngur efldar.
2. Próa leiðakerfi almenningssamgangna í takt við byggðapróun og þarfir íbúa.
3. Uppbygging gatnakerfis tekur mið af þörfum hjólandi og gangandi umferðar.
4. Styðja við og móta umgjörð fyrir orkuskipti í samgöngum.
5. Almenningsamgöngur verði knúnar vistvænum orkugjöfum.

## UNDIRMARKMIÐ

- Reykjanesbær muni skuldbinda sig til að nota 100% endurnýjanlega orku í samgöngum innan bæjarmarka fyrir árið 2030. (1,2,4,5)
- Efling innviða fyrir vistvænan ferðamáta árin 2021 - 2030, t.d. með betri göngu- og hjólastígum. (1,3,4)
- Efling innviða fyrir vistvæn ökutæki árin 2021 - 2030, t.d. með hleðslustöðvum og áfyllingarstöðvum fyrir vistvæna orkugjafa. (1,4,5)
- Móta samgöngustefnu fyrir sveitarfélagið fyrir árslok 2022.

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 7.3. Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.
- 9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.
- 11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötlugu fólki og öldruðum.



7 SJÁLFBÆR ORKA



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG





# MENGUN - HLJÓÐVIST - LOFTGÆÐI

## YFIRMARKMIÐ

Áhersla er lögð á að íbúar Reykjanesbæjar lifi og hrærist í heilnæmu umhverfi þar sem tryggt er að loft sé hreint og heilsusamlegt bæði inni sem úti með því að draga úr áhrifum mengunar í umhverfinu.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Stuðla að öflugri umhverfsvöktun á loftgæðum, hljóðstigi, vatnsgæðum og frárennsli og koma upplýsingum til almennings.
2. Standa vörð um vatnsverndarsvæði og tryggja gæði grunnvatns.
3. Vinna með fyrirtækjum í bænum að bættum mengunarvörnum og hvetja til að þau vinni að umhverfismálum.
4. Framkvæmdum á vegum bæjarins verði hagað þannig að sem minnst rask verði á umhverfi og hugað verði að mengunarvörnum í framkvæmdum.
5. Tryggja rétt íbúa til að anda að sér hreinu lofti.

## UNDIRMARKMIÐ

- Uppfæra upplýsingagátt varðandi mengun, hljóðvist og loftgæði fyrir árslok 2021. (1,3)
- Vinna eftir aðgerðaáætlun um hávaða. (1)
- Útbúa leiðbeiningar til fyrirtækja og verktaka um mengunarvarnir fyrir árslok 2022. (1,3)
- Tryggja eftirlit með umgengni á vatnsverndarsvæðum fyrir árslok 2023. (1,2)
- Sameina frárennslisstúta frá sveitarfélaginu og tryggja að öll fráveita fari í gegnum hreinsivirki fyrir árslok 2024. (3,4)
- Draga úr staðbundinni loftmengun, þ.m.t. svífryki, í samræmi við leiðbeiningar WHO árin 2021 – 2030. (1,5)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegmengunar.
- 6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming.
- 11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.
- 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- 13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.
- 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.



3 HEILSA OG VELLÍBAN



6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTADA



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



13 AÐGERDIR Í LOFTSLAGSMÁLUM







# HRINGRÁSARHAGKERFIÐ - GRÆN INNKAUP - ÁBYRG NEYSLA - ÚRGANGUR



## YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær leggur áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu sem dregur úr úrgangsmyndun sveitarfélagsins auk þess að hvetja til ábyrgar neyslu, grænna innkaupa, viðgerða og samnýtingar.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Finna farveg fyrir auðlindir sem ekki er hægt að koma í veg fyrir að verði að úrgangi.
2. Hvetja til ábyrgar neyslu bæjarbúa í anda hringrásarhagkerfis, minnka sóun og draga úr notkun á einnota vörum.
3. Lágmarka notkun hættulegra efna í bænum og spilliefni meðhöndluð á réttan hátt.
4. Sýna gott fordæmi með grænum innkaupum og innleiðingu áherslna hringrásarhagkerfisins.

## UNDIRMARKMIÐ

- Stuðningur við bæjarbúa til vistvæns lífsstíls innleiddur fyrir lok árs 2022. (2,4)
- Reykjanesbær mun innleiða græna innkaupaferla og samþætta umhverfisþætti í kaupákvörðanir sveitarfélagsins fyrir árið 2022. (3,4)
- Reykjanesbær mun hvetja fyrirtæki sem starfa innan marka sveitarfélagsins til að innleiða græna innkaupastefnu árin 2021–2030. (3,4)
- Reykjanesbær mun greina möguleikana á hringrásarhagkerfi sveitarfélagsins árið 2023. (1,2)
- Greining allra úrgangsstrauma með tilliti til endurnýtingarmöguleika fyrir árið 2030. (1,2,4)
- Samhliða aukinni endurnýtingu og endurvinnslu fari einungis óendurvinnanlegt sopp í brennslu árið 2040. (1,2,4)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, m.a. með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni, meðhöndlun úrgangs með spilliefnum í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir. Dregið verði úr losun þessara þátta.
- 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.
- 12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR  
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLÆIBSLA





# SKIPULAG BYGGÐAR OG UMHVERFIS

## YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær setur sjálfbæra þróun í forgang við skipulag og uppbyggingu byggðar með það að leiðarljósi að fagna náttúrufergurðinni og gera bæinn grænni og áhugaverðari.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Nýting og endurskipulagning lands verður í samhengi við núverandi og eldri byggð með góð tengsl við útivist.
2. Vernda og bera virðingu fyrir menningar- og fornminjum.
3. Tryggja skynsamlega nýtingu opinna svæða svo nýta megi til útivistar og íþróttaiðkunar.
4. Gæta þess að gæði lands og byggðar verði ekki síðri í lok stefnutímans.
5. Leitast við að veita umhverfisvænni starfsemi land eða aðra aðstoð við að flytja starfsemi sína í bæjarfélagið.
6. Vernda vatnsból og nýta með sjálfbærum hætti.

## UNDIRMARKMIÐ

- Sjálfbær sjónarmið verða tekin inn í skipulagsferla nýrra hverfa og uppbyggingu eldri svæða árið 2021. (1,2,5,6)
- Reykjanesbær mun vinna áfram að innleiðingu blágrænna lausna til að hámarka vatnsöflun, nýtingu, endurnýtingu og skilvirkni. (6)
- Framkvæmdir á vegum bæjarins verði með þeim hætti að sem minnstu verði raskað og hugað verði að mengunarvörnum og öryggismálum. (4,6)
- Stuðlað verður að trjárækt á völdum stöðum til kolefnisjöfnunar, þrýði og skjóls. (3,4)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 9.2 Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla.
- 11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.
- 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- 11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.
- 14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.





# NÁTTÚRUVERND OG LANDGÆÐI

## YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær vinnur að verndun náttúrulegs umhverfis, líffræðilegrar fjölbreytni, jarðmyndunar, jarðvegs og landslags.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Umgangast viðkvæm svæði af varkárni og huga að mikilvægi þeirra út frá vernd og vistfræðilegum sjónarmiðum.
2. Hlúa að náttúru og útivistarsvæðum.
3. Nýta og umgangast strandsvæði svo þau séu hrein og ómenguð.
4. Endurheimta vistkerfi sem getur stuðlað að aukinni líffræðilegri fjölbreytni og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.
5. Nýta samstarfsvettvang Reykjanes Geopark með því að framfylgja umhverfisstefnunni.

## UNDIRMARKMIÐ

- Möguleikar til kolefnisbindingar innan bæjarmarka kortlagðir, t.d. með gróðursetningu trjáa eða með endurheimtingu votlendis fyrir árslok 2022. (1,2,4)
- Eftirlit tryggt með umgengni á náttúru, strand- og útivistarsvæðum fyrir árslok 2023. (1,2,3,5)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.
- 14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.
- 14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, t.d. með aðgerðum til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum.
- 14.5 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að vernda a.m.k. 10% af strandlengjum og hafsvæðum heimsins í samræmi við landslög og alþjóðalög, að teknu tilliti til bestu tiltæku, vísindalegu upplýsinga.
- 15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.
- 15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.





# UMHVERFISFRÆÐSLA

## YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær stuðlar að aukinni menntun og fræðslu um sjálfbærni með sérstakri áherslu á að borin sé virðing fyrir náttúru og umhverfi.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Stuðla að skapandi skólastarfi með menntun til sjálfbærni t.d. útinámi, vettvangsferðum og þátttöku í sjálfbærni verkefnum.
2. Veita almenningi aðgengi að upplýsingum og fræðslu um sjálfbærnimál.
3. Auka umhverfisvitund með því að nýta einstök svæði sveitarfélagsins sem vettvang fyrir fræðslu um náttúru og orkuvinnslu.

## UNDIRMARKMIÐ

- Upplýsingagátt til almennings um umhverfismál verði uppfærð 2022. (2)
- Efla útikennslusvæði fyrir grunn- og leikskóla til að stuðla að aukinni þekkingu á sjálfbærni og loftslagsmálum fyrir sumarið 2022. (1)
- Setja af stað verkefni þar sem skilgreindir verða sjálfbærni- og loftslagsmála fræðslustígar og sett upp fræðsluskilti á áningarstöðum og við áhugaverða staði. Hefja kortlagningu árið 2021, ljúka merkingu árið 2023. (1,2,3)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, m.a. með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- 11.3 Eigi síðar en árið 2030 verði fjölgun í þéttbýli sjálfbær og íbúar alls staðar í heiminum taki meiri þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.
- 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr soun.
- 12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.



4 MENNTUN  
FYRIR ALLA



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR  
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA





# LÝÐHEILSA OG LÍFSGÆÐI

## YFIRMARKMIÐ

Reykjanesbær eflir lýðheilsu með hreinu og aðlaðandi umhverfi, góðu aðgengi að útivistarsvæðum sem og uppbyggingu á aðstöðu fyrir íþróttaiðkun ólíkra hópa.

## STEFNUÁHERSLUR

1. Tryggja gott aðgengi íbúa að náttúrulegum svæðum og landi til útivistar og tómstundaiðkunar.
2. Hafa græn og opin svæði aðgengileg og nálægt íbúum með góðum áningarstöðum og leiksvæðum þar sem við á.
3. Tryggja góða tengingu þéttbýlis við náttúrusvæði með gönguleiðum, hjólréiða- og reiðstígum.

## UNDIRMARKMIÐ

- Merkja útivistarsvæði fyrir hunda 2021. (1,3)
- Bæta merkingu gönguleiða 2022. (2,3)
- Koma fyrir bekkjum á vinsælum gönguleiðum fyrir árslok 2022. (1,2,3)
- Útivistarsvæði verði tengd með hjólréiða-/göngustígum fyrir árslok 2022. (1,2,3)

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eftirfarandi undirmarkmið eru hluti af innleiðingarferli þessa málaflokks:

- 3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
- 3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.
- 11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.



3 HEILSA OG VELLÍÐAN



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

